

REGLUGERÐ

um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins um almannatryggingar (VIII).

1. gr.

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 631/2004 frá 31. mars 2004 um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71, að því er varðar jöfnun réttinda og einföldun málsmeðferðar skal gilda á Íslandi, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 101/2004 frá 9. júlí 2004 um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn. Reglugerðin skal gilda á Íslandi með þeirri aðlögun sem fram kemur í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar.

Reglugerðin (EB) nr. 631/2004 fjallar að hluta til um atvinnuleysistryggingar, greiðslur í fæðingarorlofi, barnabætur og réttindi úr lífeyrissjóðum. Í reglugerð frá félagsmálaráðuneytinu nr. 13/2006 er mælt fyrir um gildistöku þess hluta sem fjallar um atvinnuleysistryggingar og greiðslur úr fæðingarorlofi samkvæmt lögum um fæðingar- og foreldraorlof. Í reglugerð fjármálaráðuneytisins nr. 12/2006 er mælt fyrir um gildistöku þess hluta sem fjallar um barnabætur og réttindi úr lífeyrissjóðum.

2. gr.

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 631/2004 og ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 101/2004, sbr. 1. gr., sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, nr. 65, 23. desember 2004, bls. 19, er birt sem fylgiskjal með reglugerð þessari.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 66. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 5. janúar 2006.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

Fylgiskjal.**Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 631/2004**

frá 31. mars 2004

um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71, að því er varðar jöfnun réttinda og einföldun málsmeðferðar

(Texti sem varðar EES og Sviss)

EVROÞUPINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HABA,
með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 42. og 308. gr.,

með hliðsjón af niðurstöðum fundar leiðtogaráðsins í Barcelona 15. og 16. mars 2002 um að koma á evrópsku sjúkratryggingakorti,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ⁽¹⁾,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt niðurstöðum fundar leiðtogaráðsins í Barcelona 15. og 16. mars 2002 myndi evrópskt sjúkratryggingakort koma í stað núverandi eyðublaða á pappírformi sem nauðsynleg eru til að njóta heilbrigðisþjónustu í öðru aðildarríki. Þess var farið á leit við framkvæmdastjórnina að hún legði fram tillögu í þessu skyni fyrir vörfund leiðtogaráðsins 2003. Slíkt kort myndi einfalda alla málsmeðferð.
- 2) Til að ná þessu markmiði, og jafnvel gott betur, með því að nýta sem best þá kosti sem evrópska sjúkratryggingakortið býður upp á fyrir tryggða einstaklinga og stofnanir, er nauðsynlegt að gera tilteknar breytingar á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71 frá 14. júní 1971 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja ⁽³⁾.

- 3) Í reglugerð (EBE) nr. 1408/71 er eins og sakir standa kveðið á um að tryggður einstaklingur hafi aðgang að ýmis konar aðstoð á meðan hann dvelst tímabundið í öðru aðildarríki en í hinu lögbæra aðildarríki eða búseturíki, sem fer eftir því hvaða hópi hinn tryggði tilheyrir og greinarmunur er gerður á „heilbrigðis-aðstoð sem er nauðsynleg án tafar“ og „nauðsynlegri heilbrigðisaðstoð“. Til að auka vernd hinna tryggðu skal gera ráðstafanir til að jafna réttindi allra tryggðra einstaklinga til aðgangs að aðstoð á meðan þeir dveljast tímabundið í öðru aðildarríki en ríkinu þar sem þeir eru tryggðir eða hafa búsetu. Við slíkar aðstæður skulu allir tryggðir einstaklingar eiga rétt á aðstoð sem verður nauðsynleg af læknisfræðilegum ástæðum á meðan þeir dveljast á yfirráðasvæði annars aðildarríkis, sé mið tekið af eðli aðstoðarinnar og fyrirhugaðri lengd dvalarinnar.

- 4) Brýnt er að gerðar séu allar ráðstafanir til að tryggja rétta framkvæmd i-liðar a-liðar 1. mgr. 22. gr. í öllum aðildarríkjunum með sérstakri áherslu á vitendur heilbrigðisþjónustu.
- 5) Þegar um er að ræða tiltekna, viðvarandi meðferð sem krefst tiltekinna aðstöðu, s.s. skilunar meðferð, er mjög mikilvægt fyrir sjúklinginn að meðferðin sé til reiðu meðan á dvöl hans í öðru aðildarríki stendur. Í þessu sambandi skal framkvæmdaráðið taka saman skrá yfir þá aðstoð sem bundin er undanfarandi samkomulagi milli hins tryggða og stofnunarinnar, sem annast meðferðina, til þess að tryggja að hún sé til reiðu sem og frelsi hins tryggða til að dveljast tímabundið í öðru aðildarríki.

⁽¹⁾ Stjtið. EB C 32, 5.2.2004, bls. 78.

⁽²⁾ Álit Evrópuþingsins frá 4. desember 2003 og ákvörðun ráðsins frá 4. mars 2004.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 149, 5.7.1971, bls. 2. Reglugerð eins og henni var steypt saman í einn texta með reglugerð (EB) nr. 118/97 (Stjtið. EB L 28, 30.1.1997, bls. 1) og eins og henni var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1386/2001 (Stjtið. EB L 187, 10.7.2001, bls. 1).

- 6) Meginreglan er sú að veittur er aðgangur að aðstoð meðan á tímabundinni dvöl stendur í öðru aðildarríki gegn framvísun viðeigandi eyðublaðs, sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 574/72 frá 21. mars 1972 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 ⁽¹⁾. Sum aðildarríki krefjast þess enn, ef ekki í reynd þá a.m.k. formlega, að uppfyllt séu sérstök formsatriði við komu á yfirráðasvæði þeirra. Þessar kröfur, og sérstaklega sú skylda að þurfa að leggja fyrirfram og kerfisbundið fram staðfesta yfirlýsingu hjá stofnun á dvalarstað um að hlutaðeigandi eigi rétt á aðstoð, virðast í dag óþarflega takmarkandi og þess eðlis að þær hindri frjálsa för hlutaðeigandi einstaklinga.
- 7) Aðildarríkin skulu sjá til þess að viðeigandi upplýsingar séu veittar um þær breytingar á réttindum og skyldum sem þessi reglugerð hefur í för með sér.
- 8) Til að framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 ein-kennist af skilvirkni og sanngirmi er þrýnt að stofnanir og einstaklingar, sem heyra undir hana, starfi saman. Með slíkrri samvinnu er gengið út frá því að bæði stofnanir og hinir tryggðu veiti tæmandi upplýsingar um hvers kyns breytingar sem gætu haft áhrif á bótarétt s.s. ef hinn tryggði hættir að vinna eða skiptir um starf eða ef hann, eða aðstandandi hans, flyst búferlum eða skiptir um dvalarstað, breytingar verða á fjölskylduhögum eða ef breytingar verða á lögum.
- 9) Vegna þess hve aðstæður geta verið flóknar þegar för fólks er annars vegar, skal kveða á um kerfi sem heimilrar stofnunum að úrskurða í einstökum málum þar sem ólík túlkun á reglugerð (EBE) nr. 1408/71 og framkvæmdarreglugerð hennar gæti teflt réttindum hlutaðeigandi einstaklings í tvísýnu. Ef ekki er unnt að finna lausn þar sem öll réttindi hlutaðeigandi einstaklings eru virt skal kveða á um að hægt sé að vísa málinu til framkvæmdaráðsins.
- 10) Til að aðlaga reglugerðina þróun í gagnavinnslu, en evrópska sjúkratryggingakortíð er mikilvægur þáttur í því vegna þess að því er ætlað að verða, til lengri tíma lítið, að rafrænum miðli sem unnt er að lesa í öllum aðildarríkjunum, þarf að breyta tilteknum greinum reglugerðar (EBE) nr. 574/72 þannig að í þeim nái hugtakið skjal yfir hvers konar efni, sama á hvaða miðli það er, ritað á pappír eða vistað á rafrænu formi, eða sem hljóð eða mynd eða sem hljóð- og myndmiðlunarefni.

⁽¹⁾ Stjótið. EB L 74, 27.3.1972, bls. 1. Reglugerð eins og henni var steypt saman í einn texta með reglugerð (EB) nr. 118/97 og eins og henni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1851/2003 (Stjótið. EB L 271, 22.10.2003, bls. 3).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EBE) nr. 1408/71 er hér með breytt sem hér segir:

1. Ákvæðum 22. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað a-liðar 1. undirgreinar komi eftirfarandi:

„a) sem af heilsufarsástæðum þarfnast aðstoðar sem verður nauðsynleg af læknisfræðilegum ástæðum, meðan á dvöl stendur á yfirráðasvæði annars aðildarríkis, sé mið tekið af eðli aðstoðarinnar og fyrirhugaðri lengd dvalarinnar.“

b) eftirfarandi málsgrein bætist við:

„1a. Framkvæmdaráðið skal taka saman skrá yfir þá aðstoð sem er bundin, til hagræðingar, undanfarandi samkomulagi milli hlutaðeigandi einstaklings og stofnunarinnar, sem lætur heilbrigðisþjónustuna í té til þess að hún sé veitt meðan á dvöl stendur í öðru aðildarríki.“

c) Eftirfarandi komi í stað fyrstu undirgreinar 3. mgr.:

„Ákvæði 1. mgr., 1. mgr. a og 2. mgr. skulu gilda á hliðstæðan hátt um aðstandendur launþega eða sjálfstætt starfandi einstaklings.“

2. Í stað 22. gr. a komi eftirfarandi:

„22. gr. a

Sérreglur fyrir tiltekna hópa fólks

Þrátt fyrir 2. gr. gilda a- og c-liður 1. mgr. og 1. mgr. a í 22. gr. einnig um þá sem eru ríkisborgarar aðildarríkis og eru tryggðir samkvæmt löggjöf aðildarríkis og um aðstandendur sem búa hjá þeim.“

3. Ákvæði 22. gr. b falli brott,

4. Ákvæðum 25. gr. er breytt sem hér segir:

a) í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Atvinnulaus einstaklingur, sem áður var launþegi eða sjálfstætt starfandi, heyrir undir 1. mgr. 69. gr. eða annan málslið ii-liðar í b-lið 1. mgr. 71. gr. og sem fullnægir skilyrðum sem mælt er fyrir um í lögum hins lögbæra ríkis fyrir aðstoð og bótum í peningum, með tilliti til ákvæða 18. gr., eftir því sem við á, skal fá fyrir tímabilið sem um getur í c-lið 1. mgr. 69. gr.“

a) aðstoð, sem verður nauðsynleg þessum einstaklingi af læknisfræðilegum ástæðum, meðan á dvöl hans stendur á yfirráðasvæði aðildarríkis þar sem hann leitar sér atvinnu, sé mið tekið af eðli aðstoðarinnar og fyrirhugaðri lengd dvalarinnar. Þessa aðstoð skal stofnun í aðildarríkinu þar sem hann leitar sér atvinnu láta honum í té fyrir hönd þar til berrar stofnunar, samkvæmt þeirri löggjöf sem hún starfar eftir, eins og hann væri tryggður hjá henni,

b) bætur í peningum sem þar til bærri stofnun ber að greiða samkvæmt þeirri löggjöf sem hún starfar eftir. Þó má stofnun í aðildarríki þar sem atvinnulaus maður leitar sér atvinnu greiða honum bætur fyrir hönd þeirrar fyrrgreindu í samræmi við löggjöf hins lögbæra ríkis, hafi náðst samkomulag um það milli stofnananna. Atvinnuleysisbætur sem heyra undir 1. mgr. 69. gr. skulu þó ekki greiddar fyrir sama tímabil og bætur í peningum eru greiddar á.“

b) eftirfarandi málsgrein bætist við:

„1. gr. a Ákvæði 1. mgr. a í 22. gr. skulu gilda á hliðstæðan hátt.“

5. Í stað 31. gr. komi eftirfarandi:

„31. gr.

Dvöl lífeyrisþega og/eða aðstandenda hans í öðru aðildarríki en búseturíki þeirra

1. Lífeyrisþegi sem á rétt á lífeyri samkvæmt löggjöf eins aðildarríkis eða rétt á lífeyri samkvæmt löggjöf tveggja eða fleiri aðildarríkja og á rétt á bótum samkvæmt löggjöf eins þeirra skal, ásamt aðstandendum sem dveljast á yfirráðasvæði annars aðildarríkis en búseturíkis þeirra, fá;

a) aðstoð, sem verður nauðsynleg af læknisfræðilegum ástæðum meðan á dvöl stendur á yfirráðasvæði annars aðildarríkis en búseturíkis, sé mið tekið af eðli aðstoðarinnar og fyrirhugaðri lengd dvalarinnar. Þessa aðstoð skal stofnun á dvalarstað láta í té samkvæmt þeirri löggjöf sem hún starfar eftir, fyrir hönd stofnunar á búsetustað lífeyrisþegans eða aðstandenda hans,

b) bætur í peningum, eftir því sem við á, frá þar til bærri stofnun sem ákveðin er í samræmi við ákvæði 27. gr. eða 2. mgr. 28. gr. og samkvæmt þeirri

löggjöf sem hún starfar eftir. Þó getur stofnun á dvalarstaðnum tekið að sér að greiða slíkar bætur fyrir hönd þeirrar fyrrnefndu samkvæmt löggjöf hins lögbæra ríkis, hafi samkomulag náðst um það milli þessara stofnana.

2. Ákvæði 1. mgr. a í 22. gr. skulu gilda á hliðstæðan hátt.“

6. Í stað 34. gr. a komi eftirfarandi:

„34. gr. a

Sérákvæði um námsmenn og aðstandendur þeirra

Ákvæði 18. gr., 19. gr., 22. gr. (a- og c-liður 1. mgr., 1. mgr. a, önnur undirgrein 2. mgr. og 3. mgr.), 23. gr., 24. gr. og 6. og 7. þáttar gilda á hliðstæðan hátt um námsmenn og aðstandendur þeirra, eftir því sem þörf er á.“

7. Ákvæði 34. gr. b falli brott,

8. Eftirfarandi grein bætist við:

„84. gr. a

Tengsl milli stofnana og einstaklinga sem heyra undir þessa reglugerð.

1. Stofnanir og einstaklingar sem falla undir þessa reglugerð skulu bundin gagnkvæmri upplýsinga- og samstarfsskyldu til að tryggja rétta framkvæmd þessarar reglugerðar.

Stofnanir skulu, í samræmi við meginregluna um góða stjórnsýslu, svara öllum fyrirspurnum innan sanngjarns tíma og láta hlutaðeigandi einstaklingum, í þessu sambandi, í té allar upplýsingar sem þeir þurfa á að halda til að geta nýtt sér þau réttindi sem þeir öðlast með þessari reglugerð.

Hlutaðeigandi einstaklingar skulu tilkynna stofnunum lögbæra ríkisins og búseturíkisins eins fljótt og unnt er um allar breytingar á persónulegum aðstæðum sínum eða fjölskylduhögum sem hafa áhrif á bótarétt þeirra samkvæmt þessari reglugerð.

2. Sé upplýsingaskyldan, sem um getur í þriðju undirgrein 1. mgr., ekki virt getur það leitt til þess að gripið verði til ráðstafana, sem eru í réttu hlutfalli við brot, í samræmi við landslög. Slíkar ráðstafanir skulu þó vera jafngildar þeim sem gilda við svipaðar aðstæður samkvæmt landslögum og skulu ekki gera það ókleift eða óhóflega erfitt í framkvæmd að nýta sér þau réttindi sem þessi reglugerð veitir.

3. Komi upp erfíðleikar varðandi túlkun eða beitingu þessarar reglugerðar, sem gætu teft réttindum einstaklings, sem heyrir undir hana, í tvísýnu, skal stofnun lögbærs ríkis eða búseturíkis hlutaðeigandi einstaklings hafa samband við stofnun eða stofnanir hlutaðeigandi aðildarríkis eða -ríkja. Sé ekki unnt að finna lausn innan sanngjarns tíma er hlutaðeigandi yfirvöldum heimilt að fara þess á leit við framkvæmdaráðid að það gripi inn í.“

2. gr.

Reglugerð (EBE) nr. 574/72 er hér með breytt sem hér segir:

1. Í stað 1. mgr. 2. gr. komi eftirfarandi:

„1. Framkvæmdaráð ber ábyrgð á hönnun fyrirmynda að skjölum sem nauðsynleg teljast við framkvæmd reglugerðarinnar og framkvæmdarreglugerðarinnar.“

Heimilt er að senda þessi skjöl milli stofnana annaðhvort á pappír eða öðru formi eða sem stöðluð rafræn gögn með gagnaflutningi í samræmi við ákvæði VI. bóls a. Upplýsingaskipti með gagnaflutningi falla undir samning milli þar til bærra yfirvalda, eða aðila sem tilnefndir eru af þar til bærum yfirvöldum, í sendiríkinu og í viðtökuríkinu.“

2. Ákvæði 6. og 7. mgr. 17. gr. falli brott.

3. Í stað 2. mgr. 19. gr. a komi eftirfarandi:

„2. Ákvæði 9. mgr. 17. gr. í framkvæmdarreglugerðinni gilda á hliðstæðan hátt.“

4. Ákvæði 20. gr. falli brott,

5. Eftirfarandi komi í stað 21. gr.:

„21. gr.“

Aðstoð þegar dvalið er í öðru aðildarríki en hinu lögbæra ríki

1. Til að fá aðstoð skv. i-lið a-liðar 1. mgr. 22. gr. reglugerðarinnar skal launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur afhenda veitanda heilbrigðisþjónustu skjal, gefið út af þar til bærrí stofnun, sem staðfestir að hann hafi rétt til aðstoðar. Skjalið skal samið í samræmi við 2. gr. Geti hlutaðeigandi einstaklingur ekki lagt fram þetta skjal skal hann hafa samband við stofnun á dvalarstað og skal hún óska eftir staðfestri yfirlýsingu frá þar til bærrí stofnun um að hlutaðeigandi einstaklingur hafi rétt til aðstoðar.

Skjal, sem gefið er út af þar til bærrí stofnun varðandi rétt til bóta í hverju einstöku tilviki, í samræmi við i-lið a-liðar 1. mgr. 22. gr. reglugerðarinnar, skal hafa sömu áhrif gagnvart veitanda heilbrigðisþjónustu og innlent skjal sem sýnir fram á rétt þeirra, sem tryggðir eru hjá stofnun á dvalarstað.

2. Ákvæði 9. mgr. 17. gr. í framkvæmdarreglugerðinni gilda á hliðstæðan hátt.“

6. Í stað 2. mgr. 22. gr. komi eftirfarandi:

„2. Ákvæði 9. mgr. 17. gr. í framkvæmdarreglugerðinni gilda á hliðstæðan hátt.“

7. Í stað annarrar málsgreinar í 23. gr. komi eftirfarandi:

„Þó skal, í þeim tilvikum sem um getur í annarri undirgrein 3. mgr. 22. gr. reglugerðarinnar, litið á stofnun á búsetustað og löggjöf í búsetulandi aðstandenda sem þar til bæra stofnun og löggjöf hins lögbæra ríkis að því er varðar 9. mgr. 17. gr., 21. gr. og 22. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar.“

8. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 26. gr.:

a) í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Til að fá aðstoð skv. a-lið 1. mgr. og 1. mgr. a í 25. gr. reglugerðarinnar skal atvinnulaus einstaklingur eða aðstandandi hans sem fylgir honum afhenda veitanda heilbrigðisþjónustu skjal, gefið út af þar til bærrí stofnun, sem staðfestir að hann hafi rétt til aðstoðar. Skjalið skal samið í samræmi við ákvæði 2. gr. Geti hlutaðeigandi einstaklingur ekki lagt fram þetta skjal skal hann hafa samband við stofnun á dvalarstað og skal hún óska eftir staðfestri yfirlýsingu frá þar til bærrí stofnun um að hlutaðeigandi einstaklingur hafi rétt til aðstoðar.“

Skjal, sem gefið er út af þar til bærrí stofnun varðandi rétt til bóta í hverju einstöku tilviki, í samræmi við a-lið 1. mgr. 25. gr. reglugerðarinnar, skal hafa sömu áhrif gagnvart veitanda heilbrigðisþjónustu og innlent skjal sem sýnir fram á rétt þeirra, sem tryggðir eru hjá stofnun á staðnum sem hinn atvinnulausi fór til.“

b) eftirfarandi málsgrein bætist við:

„1a. Atvinnulaus einstaklingur skal afhenda tryggingastofnun á staðnum sem hann fer til staðfesta yfirlýsingu, sem honum ber að sækja um hjá þar til bærrí tryggingastofnun fyrir brottför, til þess að fá bætur í peningum fyrir sig og aðstandendur sína eins og kveðið er á um í b-lið 1. mgr. 25. gr. reglugerðarinnar. Leggi hinn atvinnulausi einstaklingur ekki fram umrædda yfirlýsingu skal stofnun á staðnum sem hann fer til afla hennar beint frá þar til bærrí stofnun. Yfirlýsingin skal staðfesta rétt til téðra bóta samkvæmt skilyrðum sem sett eru fram í a-lið 1. mgr. 69. gr. reglugerðarinnar, þar skal tilgreind lengd bótatímabils, með hliðsjón af ákvæðum c-liðar 1. mgr. 69. gr. reglugerðarinnar, og bótafjárhæð sem greiða skal, eftir því sem við á, vegna sjúkratrygginga á ofangreindu tímabili, verði hlutaðeigandi óvinnufær eða lagður inn á sjúkrahús.“

c) í stað 3. mgr. komi eftirfarandi:

„3. Ákvæði 9. mgr. 17. gr. í framkvæmdarreglugerðinni gilda á hliðstæðan hátt.“

9. Í stað 31. gr. komi eftirfarandi:

„31. gr.

Aðstoð til handa lífeyrisþegum og aðstandendum þeirra sem dveljast í öðru aðildarríki en búseturíkinu

1. Til að fá aðstoð skv. 31. gr. reglugerðarinnar, skal lífeyrisþegi afhenda veitanda heilbrigðisþjónustunnar skjal, gefið út af stofnun á búsetustað, sem staðfestir að hann hafi rétt til aðstoðar. Skjalið skal samið í samræmi við 2. gr. Geti hlutaðeigandi einstaklingur ekki lagt fram þetta skjal skal hann hafa samband við stofnun á dvalarstað og skal hún óska eftir staðfestri yfirlýsingu frá stofnun á búsetustað um að hlutaðeigandi einstaklingur hafi rétt til aðstoðar.

Skjal, sem gefið er út af þar til bærri stofnun varðandi rétt til bóta í hverju einstöku tilviki, í samræmi við 31. gr. reglugerðarinnar, skal hafa sömu áhrif gagnvart veitanda heilbrigðisþjónustunnar og innlent skjal sem sýnir fram á rétt þeirra, sem tryggðir eru hjá stofnun á dvalarstað.

2. Ákvæði 9. mgr. 17. gr. í framkvæmdarreglugerðinni gilda á hliðstæðan hátt.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda á hliðstæðan hátt að því er varðar veitingu aðstoðar til aðstandenda sem heyra undir 31. gr. reglugerðarinnar. Hafi þessir aðstandendur

búsetu á yfirráðasvæði annars aðildarríkis en lífeyrisþeginn skal skjalið, sem um getur í 1. mgr., gefið út af stofnun á búsetustað þeirra.“

10. Í stað 1. mgr. 117. gr. komi eftirfarandi:

„1. Framkvæmdaráðið skal, á grundvelli rannsókna og tillagna tækninefndarinnar, sem um getur í 117. gr. c í framkvæmdarreglugerðinni, laga að nýrri gagnavinnslutækni fyrirmyndir að skjölum, boðleiðir og aðferðir til gagnasendinga sem eru nauðsynleg til beitingar reglugerðarinnar og framkvæmdarreglugerðarinnar.“

3. gr.

Aðildarríkin skulu sjá til þess að viðeigandi upplýsingar séu veittar um þær breytingar á réttindum og skyldum sem þessi reglugerð hefur í för með sér.

4. gr.

Til framkvæmdar þessari reglugerð skulu stofnanir í dvalarríki sjá til þess að öllum veitendum heilbrigðisþjónustu sé vel kunnugt um viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í i-lið a-liðar 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1408/71.

5. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. júní 2004.

Sjá ber til þess að beinn aðgangur sé að veitendum heilbrigðisþjónustu eigi síðar en 1. júní 2004.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg, 31. mars 2004.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

P. COX

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

D. ROCHE

forseti.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 101/2004

frá 9. júlí 2004

um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn.

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) VI. viðauka við samninginn var breytt með samningnum um þátttöku Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu á Evrópska efnahagssvæðinu, sem undirritaður var 14. október 2003 í Lúxemborg ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 631/2004 frá 31. mars 2004 um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71, að því er varðar jöfnun réttinda og einföldun málsmeðferðar ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 1. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71) og 2. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 574/72) í VI. viðauka við samninginn:

„- **32004 R 0631:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 631/2004 frá 31. mars 2004 (Stjtið. ESB L 100, 6.4.2004, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 631/2004, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 10. júlí 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 130, 29.4.2004, bls. 3 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 23, 29.4.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 100, 6.4.2004, bls. 1.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 9. júlí 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

Kjartan Jóhannsson

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

Ø. Hovdkinn

M. Brinkmann